



### MOLDUN

Allt eins og blómstrið eina  
upp vex á sléttri grund  
fagurt með frjóvgun hreina  
fyrst um dags morgunstund,  
á snöggu augabragði  
af skorið verður fljótt,  
lit og blöð niður lagði, –  
líf mannlegt endar skjótt.

Ég veit, minn ljúfur lifir  
lausnarinn himnum á,  
hann ræður öllu yfir,  
einn heitir Jesús sá,  
sigrarinn dauðans sanni  
sjálfur á krossi dó  
og mér svo aukum manni  
eilíft líf víst til bjó.



Ég lifi' í Jesú nafni,  
í Jesú nafni' eg dey,  
þó heilsa' og líf mér hafni,  
hræðist ég dauðann ei.  
Dauði, ég óttast eigi  
afl þitt né valdið gilt,  
í Kristí krafti' eg segi:  
Kom þú sæll, þá þú vilt.  
*Sb. 1671 - Hallgrímur Pétursson*

### BLESSUN

### EFTIRSPIL

Prestur: sr. Karen Hjartardóttir  
Organisti: Þróstur Eiríksson  
Söngur: Samkór Hornafjarðar ásamt  
karlaröddum úr kór Djúpavogskirkju  
og Karlakórinn Jökull  
Umsjón: Albert Eymundsson og Örn Arnarson

*Fjölskyldan þakkar auðsýndan hlýhug og vináttu  
og býður viðstöddum að þiggja veitingar  
í Mánagarði að athöfn lokinni*



Svarthar Hella



## Sævar Kristinn Jónsson



Fæddur 8. júní 1942

Dáinn 7. júlí 2023

Útför frá Hafnarkirkju  
miðvikudaginn 19. júlí 2023

FORSPIL

BÆN

Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert bresta.  
Á grænum grundum lætur hann mig hvílast,  
leiðir mig að vötnum, þar sem ég má næðis njóta.  
Hann hressir sál mína,  
leiðir mig um réttan veg fyrir sakir nafns síns.  
Jafnvel þótt ég fari um dimman dal,  
óttast ég ekkert illt, því að þú ert hjá mér,  
sproti þinn og stafur hugga mig.  
Þú býr mér borð frammi fyrir fjendum mínum,  
þú smyrð höfuð mitt með olíu,  
bikar minn er barmafullur.  
Já, gæfa og náð fylgja mér alla ævidaga mína,  
og í húsi Drottins bý ég langa ævi.  
Drottinn er minn hirðir,  
mig mun ekkert bresta.  
*23 Davíðssálmur - Margrét Scheeving*

RITNINGARLESTUR

Heyr, himna smiður, hvers skáldið biður, komi mjúk til mín miskunnin þín. Því heit eg á þig, þú hefur skaptan mig, ég er þrællinn þinn, þú ert Drottinn minn.	Guð, heit eg á þig, að græðir mig, minnst, mildingur, mín, mest þurfum þín. Ryð þú, röðla gramur, ríklyndur og framur, hölds hverri sorg úr hjartaborg.
--	--

Gæt, mildingur, mín,  
mest þurfum þín  
helzt hverja stund  
á hölda grund.  
Set, meyjar mögur,  
máls efni fögur,  
öll er hjálp af þér,  
í hjarta mér.  
*Kolbeinn Tumason / Þorkell Sigurbjörnsson*

GUÐSPJALL

Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín, enda þótt öll sé kross upphefðin mín. Hljóma skal harpan mín: ;: Hærra, minn Guð, til þín, ;: hærra til þín.	Árla ég aftur rís ungur af beð. Guðs hús á grýtttri braut glaður ég hleð. Hver og ein hörmung hefur mig, Guð til þín, Hærra, minn Guð, til þín, hærra til þín.
---	---

Sofanda sýndu þá sólstigans braut upp í þitt eilífa alföðurskaut. Hljómi svo harpan mín: ;: Hærra, minn Guð, til þín, ;: hærra til þín.	Lyfti mér langt í hæð lukkunnar hjól, hátt yfir stund og stað, stjörnur og sól, hljómi samt harpan mín: ;: Hærra, minn Guð, til þín, ;: hærra til þín.
---	--

*Adams / Matthías Jochumsson / L. Mason*

MINNINGARORÐ

Gullnu vængir, á brautu þið berið  
bjartar hugsanir vorar, upp svo hátt.  
Tefjið ekki en vonglaðir verið  
veitir sólgeislalýr þeim mátt.  
Helgra stað þið leitið í heitri þrá,  
hjartna svölun í draumsýn er lokast brá.  
Góð harpa, með tóna svo tæra,  
tign og veldi ljáðu hugar glóð.

Þú mátt alheimi fögnuðinn færa,  
frið og unaði berð hverri þjóð.  
Þú mátt alheimi fögnuðinn færa,  
frið og unaði hverri þjóð.  
Deyfðu sorgir á sárustu stundu.  
Sálir dáleiddu, tónfagra gígja.  
Döprum hugum, er fjársjóð þann fundu,  
færðu svölun og bjartsýni á ný.

Unratónn, svo margur hugfanginn hlýðir þig á.  
Boðskapur þinn mun að síðustu sigrinum ná,  
sigri ná.

*Halldór Jörgenson / Giuseppe Verdi*

BÆN

Lýs, milda ljós, í gegnum þennan geim,  
mig glepur sýn,  
því nú er nótt, og harla langt er heim.  
Ó, hjálpin mín,  
styð þú minn fót; þótt fetin nái skammt,  
ég feginn verð, ef áfram miðar samt.

Ég spurði fyrr: Hvað hjálpar heilög trú  
og hennar ljós?  
Mér sýndist hjart, en birtan þvarr, og nú  
er burt mitt hrós.  
Ég elti skugga, fann þó sjaldan frið,  
unz fátíð öndin sættist Guð sinn við.

Þú ljós, sem ávallt lýsa vildir mér,  
þú logar enn,  
í gegnum báru, brim og voðasker.  
Nú birtir senn.  
Og ég finn aftur andans fögru dyr  
og engla þá, sem barn ég þekkti fyrr.  
*Newman / Matthías Jochumsson / C. H. Purday*

FAÐIR VOR

Jarðvist á enda,  
lífsgöngu lokið,  
ljósið þitt slokknað,  
fölnuð brá.  
Virðing og þökk,  
vegferðin öll  
vel í huga geymd.

Hljóðnuð er röddin,  
hæglátur blærinn,  
helguð þín brottför  
Drottins náð.  
Virðing og þökk ...

Syrgjendur kveðja,  
söknuðinn finna,  
sárasta harminn,  
tregans tár.  
Virðing og þökk ...

Faðmi þig ljósið,  
friðarins engill  
fylgi þér nú  
á æðra stig.  
Virðing og þökk ...  
*Aðalsteinn Ásberg Sigurðsson  
Sigurður Flosason*